



## Sandkassaverkefni Persónuverndar - umsóknareyðublað -

Umsóknin (á Word-skjali) og allar spurningar sendist á [postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is)

### Um lögaðilann/lögaðilana<sup>1</sup>

<b>1. Nafn og kennitala</b>	<i>(Ef um fleiri en einn lögaðila er að ræða, má lista þá alla upp hér. Skráið fyrst þann lögaðila sem leiðir verkefnið.)</i>
<b>2. Stutt lýsing</b>	<i>(Mest 500 orð) (- Upplýsingar um starfsemi lögaðilans og innan hvaða geira það starfar -Stærð, þ.m.t. fjöldi starfsmanna/viðskiptamanna - Tegund lögaðila: fyrirtæki, opinber aðili, samtök, i - Ef um fleiri en einn aðila er að ræða, skulu upplýsingar um þau öll fylgja með.)</i>
<b>3. Hlekkur á lögaðilann þar sem því/þeim er lýst</b>	<i>(Til dæmis: <a href="http://www.fyrirtaeki.is/um-okkur">www.fyrirtaeki.is/um-okkur</a>)</i>
<b>4. Er lögaðilinn/lögaðilarnir með staðfestu á Íslandi og hefur það áður verið í samskiptum við Persónuvernd?</b>	<i>(Eitt af skilyrðum fyrir þátttöku er að umsækjandi starfi eftir íslenskum lögum. Því þarf það að vera með staðfestu á Íslandi, þar sem ákveðið er hvernig unnið skuli með persónuupplýsingar.  Ef það á við, lýsið stuttlega samstarfi við alþjóðlega/erlenda aðila sem tengjast verkefninu.  Hefur umsækjandi áður verið í sambandi við Persónuvernd? (Það getur hafa verið vegna leiðbeininga, eftirlits eða annarra mála. Fyrri samskipti koma ekki í veg fyrir þátttöku fyrirtækisins í verkefninu heldur er tilgangur þessarar spurningar eingöngu að fá yfirsýn yfir fyrri samskipti).</i>
<b>5. Hver tekur þátt í verkefninu og hver er staða persónuverndarmála innan starfsemi umsækjanda?</b>	<i>(Nefndu tegund og umfang (fjölda) deilda (innri auðlinda) sem fyrirhugað er að taki þátt í sandkassaverkefninu. Óþarfi að nefna nöfn.)  (Vinsamlegast lýstu í stuttu máli núverandi persónuverndarráðstöfunum umsækjanda (t.d. hefur umsækjandi persónuverndarfulltrúa, hafa viðskiptakerfi/verklagsreglur verið þróaðar til að vernda friðhelgi einkalífs, er umsækjandi lítið/nýtt fyrirtæki og hefur takmarkaða reynslu af persónuvernd)?</i>
<b>6. Tengiliður innan starfsemi umsækjanda og aðrar upplýsingar.</b>	<i>(Öll samskipti verða send á tengiliðinn) Nafn: Staða/hlutverk: Netfang: Símanúmer:</i>



	<p><i>(Aðrar upplýsingar um umsækjanda sem gætu skipt máli í tengslum við þátttöku í sandkassanum? Þetta getur t.d. falið í sér ítarlegar lýsingar á tengslum og/eða skuldbindingum við samstarfsaðila tiltekinna verkefna, þar með talið alþjóðlegra aðila.)</i></p>
<p><i>Um verkefnið</i></p>	
<p><b>7. Lýsing á verkefninu</b></p>	<p><i>(Í lýsingunni þarf að komast fram:</i></p> <p><i>Tilgangur verkefnis og markhópur, þ. á m. hvert er markmið verkefnisins í framtíðinni? Þetta á við um verkefnið almennt og sérstaklega um þá þætti sem lúta að persónuvernd.</i></p> <p><i>Hefur umsækjandi þegar uppgötvað persónuverndaráskoranir í þessu verkefni? Ef já, hvaða?</i></p> <p><i>Hefur þegar farið fram mat á lögmæti vinnslunnar og vinnsluheimildir og hefur tilgangur vinnslunnar verið skýrt tilgreindur? Þetta er ekki gert að skilyrði heldur mikilvægt atriði við mat á tegund og heildarsamsetningu verkefna.</i></p> <p><i>Ef mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP) hefur þegar farið fram má það gjarnan fylgja með umsókninni.</i></p> <p><i>Áætlaður ávinningur fyrir samfélagið og/eða einstaklinga. Dæmi um heilsufarslegan ávinning, skilvirkni, nýsköpun.</i></p> <p><i>Hvaða áhrif er gert ráð fyrir að gervigreind muni hafa á verkefnið?</i></p> <p><i>Í hvaða fasa er verkefnið stadd? Er það á frumstigi áætlanagerðar, í þróunarfasa, tilrauna/þróunarfasa eða framleiðslufasa? Settu upp eins nákvæman tímaramma um hvern fasa verkefnisins og hægt er.</i></p> <p><i>Er komin áætluð dagsetning á upphaf framleiðslu/útgáfu?</i></p> <p><i>Hvernig tengist umsóknin yfirstjórn umsækjanda og auðlindanotkun þess?</i></p> <p><i>Gætu aðrar reglur/lög átt við um verkefnið? Ef þú veist um reglugerðir sem kunna að skipta máli fyrir verkefnið væri gott fyrir okkur að vita af þeim.</i></p> <p><i>Gerðu heildaryfirlit yfir þær aðgerðir sem þú sérð fyrir að þurfi að eiga sér stað í sandkassanum og áætlun um hvenær þær ættu að gerast, þar á meðal hvað þú telur að þú munir taka lengi þátt í verkefninu (gott að miða við 3-6 mánuði). Aðgerðirnar ættu að vera tengdar þeim persónuverndaráskorunum sem þú vilt fá aðstoð við í sandkassanum.</i></p>

<sup>1</sup> Löggaðili er samheiti yfir fyrirtæki, opinbera aðila, samtök o.s.frv.



	<p><i>Við gerum ekki ráð fyrir endanlegri áætlun og ef þú tekur þátt í sandkassanum gerum við verkefnaáætlun saman. Hér viljum við vita hvaða tilfinningu þú hefur fyrir því sem þarf að gera og tímann sem þú telur að það muni taka.</i></p> <p><i>Skrifaðu aðeins um umgjörðina í kringum sandkassabátttöku verkefnisins (t.d. fjármögnun og hvaða starfsmenn vinna verkið). Ef fjárhags- og auðlindarammi er ekki til staðar, vinsamlegast sendu okkur afrit af áætluninni þegar hún hefur verið mótuð.)</i></p>
<b>8. Lýstu notkun umsækjanda á gervigreind.</b>	<p><i>(Lýstu í stuttu máli hvort, og efsvo er, hvernig gervigreind er notuð innan starfsemi umsækjanda almennt.</i></p> <p><i>Hvernig metur þú þá reynslu sem fyrirtækið býr yfir til að ná markmiðum sandkassaverkefnisins? Hvernig notar það gervigreind til að ná þeim?</i></p> <p><i>Ekki er gerð krafa um mikla reynslu af notkun gervigreindar en reynsla af gervigreind er mikilvægt atriði við mat á tegund og heildarsamsetningu verkefna).</i></p>
<b>9. Hvaða tegund persónuupplýsinga er unnið með í verkefninu?</b>	<p><i>(Lýstu öllum tegundum persónuupplýsinga sem gert er ráð fyrir að verði notaðar í verkefninu.)</i></p>
<b>10. Hvaða útkomu vonast þú eftir að ná með þátttöku í verkefninu og hverjar eru helstu áskoranir sem þú stendur frammi fyrir og vilt taka á?</b>	<p><i>(Hverju vilt þú ná fram með því að taka þátt í sandkassanum?)</i></p> <p><i>Hvaða áskorunum vilt þú að sandkassinn taki á? Ef áskoranirnar eru fleiri en ein, forgangsraðaðu röðinni og ekki hika við að velja aðaláherslumál.</i></p> <p><i>Dæmi um áskoranir eru lögmæti, siðferði, sanngirni, hagnýtir þættir sem tengjast aðgangi að persónuupplýsingum, umskipti frá þróun til framleiðslu, útskýring á niðurstöðum, reikniritsskekkju, lágmörkun gagna, notkun dulnefna eða nafnleynd.</i></p> <p><i>Hvers konar aðgerðir þú sérð fyrir þér?</i></p> <p><i>Hvernig metur þú tilgang verkefnisins? Til dæmis, "skýringar á lögmæti notkunar persónuupplýsinga fyrir eigin fyrirtæki" eða "útskýringar á greiningarlíkani fyrir tiltekin vélræn reiknirit").</i></p>